



Fundur Fræðslunefndar Hveragerðisbæjar haldinn á bæjaskrifstofu, Breiðumörk 20, 22.10.2018 kl. 17:00.

Fundinn sátu: Alda Pálsdóttir, Smári Björn Stefánsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Sæbjörg Lára Másdóttir og fulltrúar sveitarfélagsins Ölfus, Hlín Guðnadóttir og Ida Lön.

Ennfremur sátu fundinn Gunnar H íðdal Gunnarsson fulltrúi kennara við GÍH, Svava Dóra Svavarsdóttir fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Gunnvör Kolbeinsdóttir leikskólastjóri Óskalands, Anna Erla Valdimarsdóttir leikskólastjóri Undralands og Matthea Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri GÍH sem ritaði fundargerð. Friðrik Örn Emilsson boðaði forföll, Árdís Rut Hlífardóttir mætti í hans stað.

Alda formaður nefndarinnar setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Mállefni leikskóla

Skýrslur leikskólastjóra

Óskaland

Aðlögun nýrra barna lýkur 1. nóvember. Byrjað er að prófa elstu börn með Hjóm-2. Allir starfsmenn tóku þátt í haustþingi FL 5. október.

Elstu börnum leikskólans var boðið á brúðuleiksýningu í Þorlákshöfn og einnig hafa þau nú fengið fræðslu frá Brunavörnum Árnessýslu. Í framhaldinu fara börnin í reglulegar eftirlitsferðir um húsnaði leikskólans og fræðast þau um björgunarleiðir, neyðarlýsingar, reykskynjara og þá hluti sem ber að varast í eldsvoða.

Undraland

Foreldrakynning LAL var haldin í leikskólanum 9. október. Kristín Einarsdóttir kom á morgunfund sem var mjög vel sóttur.

19. október var starfsdagur hjá okkur sem við nýttum til að sækja LAL þing í Reykjanesbæ.

Innleiðingarári LAL lauk formlega hjá okkur með krýningu Undralands sem vottaður LAL skóli.

Hjóm-2 skimunum elstu barna er að mestu lokið hjá okkur í haust og foreldrum verður boðið að koma og fara yfir niðurstöður í næstu viku.

Eins og hjá Óskalandi fóru elstu börnin á brúðuleiksýningu í Þorlákshöfn og fengu fræðslu frá Brunavörnum Árnessýslu.

Inntöku nýrra barna lýkur þetta haustið næstu mánaðamót þegar við fáum tvö ný börn í húsið.

Á morgun 23. október er eitt ár frá því leikskólinn opnaði í nýju húsi og við tókum á móti börnum úr gamla Undralandi. Við ætlum að fagna þeim tímamótum með samkomu í sal og flæði milli deilda.

Sumarfrí

Fræðslunefnd leggur til að bæjarstjórn kanni möguleika á að leikskólar Hveragerðisbæjar verði lokaðir í fjórar vikur sumarið 2019.

Könnun til foreldra varðandi sumarfrí verður send út á næstunni.

Mönnun

Óskaland:

Örfáar mannabreytingar hafa verið frá síðasta fundi. Núna starfa fjórir karlmenn við leikskólann og er skólinn fullmannaður fram að áramótum.



Fjarvistir hafa verið þó nokkrar undanfarið vegna veikinda og skólasóknar farnema. Töluvert álag getur skapast við miklar fjarvistir og þarf að íhuga verkáætlun hvernig bregðast eigi við þegar allt að helmingur starfsmanna er fjarverandi.

Undraland:

Mannabreytingar eru smávægilegar. Einn starfsmaður hætti í október og ráðið hefur verið í hans stað. Einn starfsmaður er væntanlegur um næstu mánaðamót vegna viðbótar við stuðningsstarfsgildi.

Biðlisti

Ekkert barn eldra en 13 mánaða er á biðlista eftir leikskólaplássi.

Önnur mál

Fyrirspurn kom um það hverjir væru boðaðir á fræðslunefndarfundi. Aldís bæjarstjóri kom inn á fundinn og fór yfir skipan nefndarmanna í fræðslunefnd.

Fundargerð samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 18.05

Söbjörg L. Mäisd.

Þóra D. Svavarsól.

Hlín Guðrúnardóttir

Lyunnur Hjörleif

Geirþórunn

Smíri Þjóen Steinhjónsson.

Audr Þórunn

Ólafur

Linna Svavarsdóttir

Ardis Rut Allifard.

2

Anna Dís Kolbeinsd.

Matthæa Siguðardóttir